

# Akkúrat rétti tíminn til að breyta til

Ásta Guðrún Óskarsdóttir starf- aði lengi í veitingageiranum þar sem hún meðal annars átti eigin veitingastað. Fyrir nokkrum árum stóð hún á krossgötum og ákvað að nýta tækifærið og fara í nám. Ásta Guðrún var að klára nám við Ljósmyndaskólann.

Guðrún Selma Sigurjónsdóttir / gudrunselma@mbl.is

Ég var á tímamótum eftir að hafa selt veitingastaðinn minn Kopar við gömlu höfnina í Reykjavík. Veitingastaðinn rak ég og átti ásamt meðeigendum til ársins 2019, þá var tekin ákvörðun um að breyta til og takast á við ný ævintýri. Ég ákvað því að elta gamlan draum og skella mér í listnám," segir Ásta Guðrún um þá ákvörðun um að hefja nám í ljósmyndun.

„Ég vann í veitingarekstri í 16 ár, ég rak og átti tvo veitingastaði á árunum 2011 til 2019. Þó svo að ljósmyndun og veitingarekstur séu að mörgu leyti ólík þá nýtist öll sú reynsla vel í náminu. Skipulagið og vinnusemin kemur að góðum notum.“

*Hvernig er að fara í skóla með fjölskyldu?*

„Ég hafði haft áhyggjur af því að fara aftur í nám þar sem ég er með greindan athyglisbrest, en námið er mjög lifandi og skemmtilegt svo það hélt mér vel á tænum. Það gekk bara mjög vel að tvíanna saman skóla og fjölskyldulíf, en ég hef reynt að skipuleggja mig og nýtt tímann vel á skólatíma. Ég myndi þó segja að lykkillinn væri að hafa góðan stuðning heima fyrir. Ég hef verið svo lánsöm að maðurinn minn hefur stutt mig vel í gegnum námið.“

## Börn kveiktu neistann

Ásta Guðrún segist lengi hafa haft áhuga á hönnun og list en það var seinna sem hún byrjaði að einbeita sér að ljósmyndun.

„Ég tók eitt ár á hönnunarbraut í Lónskól- anum en datt síðan óvart inn í veitingageir- ann, sem passaði minni orku vel. Eftir að ég sagði skilið við þann geira fannst mér kominn tími til að leita að listnámi sem hentaði mér. Ljósmyndun kom til tals en þar áður hafði ég ekki mikil verið að mynda, áhugi minn fyrir ljósmyndun magnaðist eftir að ég eignaðist strákana mína, ég fékk þráhyggju fyrir því að frysta öll dýrmætu augnablikin úr okkar lífi saman, síðan smitaðist þetta út í fleiri hluti og hefur þróast síðan.“

Ég var svo heppin að fá góða myndavél í jólagjöf og ákvað að sækja kvöldnámskeið í Ljós- myndaskólanum til að mæta námið við mig og líkaði það vel. Þar lærði ég inn á grunntækni og gat undirbúið mig betur fyrir námið.“

Ásta Guðrún segir að fyrst um sinn hafi námið verið krefjandi þar sem hún hafði lítinn grunn í ljósmyndun. Henni gekk þó vel og var hún sérstaklega ánægð með námið og skólann. „Það er frábært að fá svona góða upplifun, viðmótið er einstaklega gott og góður starfsandi," segir hún.

## Ólík reynsla og bakgrunnur er styrkur

*Hvað er það við ljósmyndun sem heillar þig?*

„Það sem heillar mig mest við ljósmyndun er hversu fjölbreytt og skapandi hún er, það er hægt að fara í svo margar áttir. Þegar ég byrjaði í náminu lærðum við að taka myndir á filmu og gera prent í myrkrabergerinu, sem

Ásta Guðrún Óskarsdóttir á útskriftarsýningu Ljósmynda- skólans. Hún sýndi verkid sitt *Nafnlaus, kona* á sýningunni.



Morgunblaðið/Egbert



Ljósmynd/Ásta Guðrún Óskarsdóttir Verkið heitir *Fisk-verkun*. Með verkinu velti Ásta Guðrún fyrir sér mikilvægi íslensks sjávarfangs, sem hefur leikið stórt hlutverk í samfélagi okkar og sögu. Hún myndaði sjávarfangið í fiskvinnlu og fór í gegnum allt ferlið og setti fram með sinni listrænu tjáningu.

Ljósmynd/Ásta Guðrún Óskarsdóttir Ásta Guðrún skoðaði birtingar- mynd kvenna í útskriftarverkinu sínu *Nafnlaus, kona*.

var virkilega skemmtileg upplifun og ótrúlega góður grunnur til að byggja ofan á.“

*Hvernig listamaður ert þú?*

„Ég sé mig sem fjölbreyttan og opinn lista- mann sem dremir um að skapa list sem vekur fólk til umhugsunar og áhrifa. Það hefur verið



Ljósmynd/Ásta Guðrún Óskarsdóttir Ásta Guðrún elskar að taka nærmyndir af náttúrunni og taka myndefnið úr samhengi. Hún segir feegurina leynast víða.

einstaklega gaman að fá að kynast kennurum skólans sem eru sjálfir starfandi listamenn og hef ég fengið mikinn innblástur frá þeim.“

*Hvað fannst þér skemmtilegast í náminu?*

„Hversu fjölbreytt það er og hversu margar ólíkar leiðir hægt er að fara með ljósmyndamið- ilinn. Ég hef leikið mér mikil með alls konar útfærstur, ég bjó til klippiverk í lokaverkefninu mínu sem er til sýnis á útskriftarsýningu okkar úr Ljósmyndaskólanum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur en sýningin stendur til 14. janúar. Með verkinu mínu *Nafnlaus, kona* vil ég vekja athygli á birtingarmynd kvenna í almenning- srymi og nafnleysi þeirra. Styttur af konum í Reykjavík sýna flestar hlutgeringur kvenna; þær eru konur við vinnu, konur með barn eða gyðjur. Með verkinu skapa ég nýjan veruleika fyrir nafn- lausu konurnar úr fortíðinni og fæ fót og öryggið uppmálað frá karlmannsstyttunum lánað.“

*Hefið þú vilja fara í námið tvítug eða var þetta alskírur rétti tíminn?*

„Ég held að þetta hafi verið akkúrat rétti tí- minn fyrir mig til þess að fara í þetta nám. Ég held að ég hafi bara ekki verið tilbúin í námið fyrir. Ég hef fengið svo dýrmæta reynslu af vinnu- mark- aðnum og veit núna hvað það er sem ég leita eftir. Ég held að námið sé samt fyrir allan aldur og mér finnst gaman að finna fyrir því hversu breytt aldursbilið er í skólanum, ég held að það styrki þekkingu að hafa einstaklinga með ólíka reynslu og bakgrunn. Ég tel mig einstaklega heppna með minni bekk; við náum ótrúlega vel saman, sem er ekki sjálfgefið. Það er svo mikil- vægt að vera með góðan hóp fólks í kringum sig sem hittist og gefur hvert öðru uppbyggilega gagnrýni á verkin.“